



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Starfsárið 2004-2005, mánudaginn 27. september kl. 17:00 var haldinn fundur LÞN, og hófst hann kl: 17:00.

Fundinn sátu: Grétar, Hjördís, Guðmundur, Viðar, Sverrir og ei alkarnir Jóhannes B og Einar S., ásamt starfsmönnum LÞN þeim Auðbjörgu og Margréti.

Forföll boðuðu: Elísabet og Finnur

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerðin síðasta var ekki send út. Í framtíðinni munu meðlimir landsþjónustunnar fá senda fundargerðina til sín fljótt eftir fundinn. Þá mun nefndin hafa tækifæri til þess að koma með athugasemdir við fundargerðina áður en hún verður lögð fram til samþykktar á næsta fundi.

Fundargerðin lesin yfir. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina og hún því samþykkt og verður sett á netið og munu starfsmenn sjá til þess.

2. Framvinda mála á milli funda:

Nýir starfsmenn skrifstofunnar, Auðbjörg og Margrét, kynntu sig og fóru yfir stöðu mála. Það voru engin sérstök mál sem þær vildu sérstaklega ræða. En þær komu því að að störfin hefðu gengið vel, hafa notað tímann hingað til til þess að kynnast skrifstofunni og starfinu.

3. Heimasíða AA:

LÞN biður starfsmenn að vera í sambandi við fulltrúa í vefnefnd. Það þarf að athuga að allar heimildir séu til staðar er varða höfundarétt áður en bækur og bæklingar og annað AA lesefni er birt á heimasíðu.

4. Skýrsla þjónusturáðstefnu 2004:

Starfsmenn munu halda áfram að reyna að ná í ritara (ritara á þjónusturáðstefnunni).

Skýrslan verður kláruð ef hægt er á milli funda og send út til meðlima í LÞN.

5. Önnur mál:

GG og HH verða fjarverandi síðasta mánudag í október (verða á fundi úti N.Y.). Farið er yfir málið og ákveðið er að halda fundinn á sama tíma og til stóð.

Tölvupóstur barst til LÞN frá AA félagi, Ó. I. H., varðandi 70 ára afmæli AA samtakanna. Afmælishátíðin verður haldin í Toronto, Kanada næsta sumar (2005).

Samþykkt var að starfsmenn LÞN setji upplýsingar um þetta á heimasíðu AA, þar sem kemur fram netslóð sem hægt er að fá allar frekari upplýsingar um afmælishátíðina.

Samþykkt var að taka upp fastan dagskrárlið þar sem hver nefnd gefur skýrslu varðandi störf sín. Upplýsinganefnd; fulltrúar LÞN í upplýsinganefnd segi frá starfi nefndarinnar.

Upplýsingarnefnd fékk heimild til að kaupa bæklinga til að styrkja staðbundnar upplýsinganefndir á þeim svæðum þar sem samstarfsnefndir eru ekki með sjálfstæðan fjárhag.

Tillaga kom fram að eitthvað verði gert fyrir Björgvin starfsmann samtakanna sem nú lætur af starfi eftir langt og gott starf. Starfsmenn skrifstofunnar beðnir um að halda utan um það hverjir úr Landsþjónustunni gamlir og nýir vilja taka þátt í að gefa honum gjöf. Samþykkt er að bjóða Björgvini út að borða, en aðrir borgi fyrir sig.

Fundi slitið kl 18:30.

Næsti fundur ákveðinn 25. okt. nk. kl 17:00



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Ár 2004, mánudagurinn 25. október kl. 17:00 var haldinn 4 fundur LPN starfsárið 2004-2005.

Fundinn sátu: Sverrir, Viðar, Elísabet, Guðmundur, Arnar, Einar, Auðbjörg & Margrét. Forföll boðuðu: Jóhannes, Grétar, Hjördís, Sigurður og Guðmundur.

Sverrir setti fundinn á viðeigandi hátt.

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar lesin og hún samþykkt.

2. Framvinda mála á milli funda:

Björgvin var boðið í súpu á síðasta sunnudag, átta mættu á staðinn og það var mjög notalegt hjá þeim. Auðbjörg og Margrét kláruðu það sem vantaði upp á skýrslu þjónusturáðstefnunnar 2004.

3. Nefndir Landsþjónustunnar gera grein fyrir störfum sínum:

Viðar frá upplýsinganefnd kynnti starf nefndarinnar, hann er bjartsýnn á starfið í framtíðinni. Telur það gott að geta notað skrifstofuna, t.d. til þess að senda út upplýsingar.

4. Skýrsla þjónusturáðstefnu 2004:

Starfsmenn skrifstofunnar hlustuðu á upptöku af ráðstefnunni og bættu inn í önnur mál því sem uppá vantaði. Skýrslan var skoðuð og V. spurðist fyrir um hvað kæmi útúr hópastarfi á þjónusturáðstefnu. Bent var á að skrifstofan þurfi að fara í gegnum skýrslur þjónusturáðstefnunnar síðustu ár og taka saman þau mál sem hafa verið samþykkt í gegnum árin. Tilgangurinn með því er að koma því í verk sem hefur sem hefur ekki verið gert. Rætt var um að eftirfylgni þyrfti að vera til staðar. Skýrsla þjónusturáðstefnunnar var samþykkt.

5. Önnur mál:

a) Tekið var fyrir bréf frá Stjórn XA-Radíó þar sem beðið var um endurnýjun leyfis til að útvarpa hljóðbókum. Þetta var rætt og þótti útvarpið hafa reynst vel. V. mun skoða málið nánar í samstarfi við starfsmenn skrifstofu. Útsending XA-Radíó hefur ekki haft áhrif á sölu AA bókarinnar.

b) Rætt var um sölu á ensku bókunum. Útgáfan hefur ekki flutt inn bækur að utan. SAAS hefur tekið ákvörðun um að selja enskar bækur á kostnaðarverði og nota skrifstofuna til þess. Tekin var ákvörðun um að taka þetta upp á næsta fundi þegar meðlimir útgáfunefndar og oddamaður verða á staðnum.

c) Meðlimir útgáfunefndar verða boðaðir á næsta Landsþjónustufund.

d) V. lagði fram tillögu um að allir meðlimir LPN fengu eitt eintak af *the A.A. service manual*. Samþykkt. Skrifstofan sér um það.

Tekin voru fyrir og rædd önnur mál:

Hjördís tók til máls; Okkur stendur til boða að bjóða í World Service Meeting sem haldin annað hvert ár. Spyr hvort að við eigum að gefa kost á okkur við að hýsa þessa alþjóðlegu ráðstefnu. Það er pottur sem mörg lönd fara í og eitt valið. Hingað myndi koma fólk úr Landsþjónustunefndum ólíkra landa, mikil sjálfböðavinna.

Ólafur tók til máls: Lýst vel á hugmyndina en biður um frekari upplýsingar, t.d. um hvað margir myndu koma.

Hjördís tók til máls: Það eru á milli 60-70 manns sem hafa sótt þessa alþjóðaráðstefnu, sem snýst um að þjónusta AA-samtökin. AA-skrifstofan fjármagnar allan kostnað, en þetta kostar okkur ekkert.

Grímur tók til máls: Telur að það sé skammur tími til stefnu, miðað við stærð. Leggur til að við hugsum um þetta og bjóðum í þetta 2010.

Hjördís tók til máls: Greinir frá því að það sé ekki öruggt að þetta muni standa okkur til boða 2010.

Diddi tekur til máls: Leggur til að við þiggjum boðið.

Eyvar tekur til máls: Spyr hvað margar þjóðir séu í pottinum.

Grétar tekur til máls: Það hafa verið í kringum 50 fulltrúar sem sækja svona ráðstefnu, tveir frá hverri þjóð. Þeir sem taka þátt í þessu hafa ekki mikinn tíma til að leika sér þannig að það mun koma í okkar hlut að geta boðið uppá gott hótél og áhugavert A.A. umhverfi þar sem þessir fundir færu fram.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fimmti fundur Landsþjónustunefndar AA á starfsárinu 2004 haldinn í nóvember.

Dagskrá fundarins:

Fundur settur.

1. Fundargerð síðasta fundar: lesin og rædd: Í framtíðinni skulu ekki koma fram í fundargerð nein nöfn (né upphafsstafir), og engin umræða einungis niðurstöður. En fundargerðin er send á milli og þá er tækifæri fyrir hvern landsþjónustunefndarmeðlim að gera athugasemdir. Fundargerð samþykkt með breytingum.

2. Framvinda mála milli funda: Aðeins talað um nýja kerfið á skrifstofunni sem verður sett upp í vikunni.

3. LÞN meðlimir gera grein fyrir sínum störfum: Sagt var frá ferð tveggja LÞNmeðlima á Alþjóðafundinn. Talaði um að við hefðum boðið í þjónusturáðstefnuna, en fengum ekki. Gerð var grein fyrir störfum upplýsingarnefndar. Vefnefnd hefur ekki komið saman, það vantar mann í nefndina (frá útgáfunni). Þannig að nefndin hefur ekki fundað. Bent á að það þurfi að endurskoða fyrirkomulagið á vefnum. Skrifstofunefnd kom saman ásamt útgáfunni og keypti nýtt bókhaldsforrit fyrir skrifstofuna. Nefndin er ekki búin að gera starfslýsingu fyrir skrifstofuna.

4. Útgáfumál: Það var samþykkt á síðustu ráðstefnu að selja enskar bækur, og falið útgáfunni. Þegar nýtt bókhaldskerfi hefur verið sett upp verður farið í að panta bækur. En fyrst að kaupa út tollskýrslu, til þess að sjá hversu mikin kostnað þarf að leggja á.

5. Erindi frá Alanon: Ósk kom frá aðalþjónustunefnd Alanon samtakanna um að hitta LÞN og spjalla saman um sameiginlega velferð AA og Alanon. Ákveðið að svara Alanon og fá nánari upplýsingar um hvað þau hafa í huga. Og skrifa bréf til GSO í New York til að afla upplýsinga hvernig samstarfi við önnur 12 sporasamtök er háttað þar.

6. Önnur mál: Erindi frá SAAS um Hálmstráið og hvernig þess málum er háttað. Ákveðið að skrifstofan tæki saman hverjir voru kosnir í ritnefnd á þjónusturáðstefnu 2004 og hafi sambandi við þetta fólk og spyrði hort það hefði áhuga á að starfa áður en erindi SAAS er svarað.

Fundi slitið. Næsti fundur ákveðinn 27. des. kl 17.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Sjötti fundur Landsþjónustunefndar AA á starfsárinu 2004 haldinn í desember.

Dagskrá fundarins:

Fundur settur.

1. Fundargerð síðasta fundar; lesin og rædd: ákveðið að samþykkja fundargerð með þeim breytingum sem oddamaður lagði fram.

2. Framvinda mála milli funda; Fram kom að skrifstofan hefur ekki getað haft samband við þá sem kosnir voru í ritnefnd á þjónusturáðstefnu 2004. Þar sem upplýsingar um þetta fólk eru ekki til. Leitast verður við að hafa upp á þessu fólk með því að spyrjast fyrir um það. Erindi Alanon frá seinast fundi var svarað og sendar voru fyrirspurnir um það til GSO (NY) og skrifstofunar í York. Beðið eftir svörum þaðan.

3. LÞN meðlimir gera grein fyrir sínum störfum; Gert var grein fyrir störfum upplýsingarnefndar, bent var á það að þeir tveir aðilar sem tilnefndir eru í upplýsinganefnd frá útgáfu mæta ekki og er það miður. Upplýsingnefnd ákvað að reyna í mars að boða til fundar með reyndum tengiliðum á landsbyggðinni og SAAS um starf og hlutverk nefndarinnar. Vefnefnd hefur ekki komið saman, það vantar mann í nefndina (frá útgáfunni). Þannig að nefndin hefur ekki fundað. Skrifstofunefnd hefur ekki komið saman. Sagt var frá því að fyrirspurn um sjálfboðastarf í Ástralíu hefði borist. Ákveðið var í ljósi bágborinar mætingar nefndarmanna frá útgáfunni að fá fund með útgáfunefndinni og LÞN meðlimum til þess að ræða þau nefndarstörf sem koma að LÞN og útgáfunni.

4. Afmælisfundur 2005; Fundurinn verður 25 mars. Ákveðið var að halda LÞN fund viku fyrr útaf afmælisfundinum. LÞN fundurinn í mars verður þá 21 mars. Oddamaður ætlar að tala við framkvæmdarstjóra laugardagshallarinnar til þess að staðfesta fundarstaðinn. Valið var í þjónustunefnd fyrir afmælisfundinn. Þjónustunefndin tekur til starfa í febrúar.

5. Þjónusturáðstefna 2005; Rætt var um dagsetningu, staðsetningu og tímalengd. Ákveðið var að búin væru til eyðublöð með upplýsingum um þá sem bjóða sig fram í nefndir á þjónusturáðstefnu. Ekkert annað ákveðið. Tillaga kom fram að á næsta LÞNfundi í Janúar að ræða skipulag AA á Íslandi. Hvað myndi LÞN til að mynda gera ef allar deildir á Íslandi myndu senda fulltrúa á þjónusturáðstefnuna?

6. Önnur mál; Fundur með samstarfsnefndum á Íslandi. Ákveðið að hafa fundinn seinustu helgina í janúar

Fundi slitið. Næsti fundur ákveðinn 31 jan kl 17



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fundargerð sameiginlegs fundar Landsþjónustunefndar og Svæðisnefnda á Íslandi
30 jan 2005.

Fundur settur með æðruleysisbæninni.

Erfðavenjurnar lesnar.

Höfuðtilgangur okkar: 5. erfðavenjan, lengri útgáfa, lesin

Hlutverk LÞN og starfssvið þjónustuskrifstofunnar reifað, einnig skýrt frá því hvernig fjármunum samtakanna er varið.

Oddamaður SAAS fjallaði um að samstarf við skrifstofu hafi verið gott. Spurt var um tvö bréf sem SAAS hefur sent til skrifstofu LÞN.

Annað er varðandi Hálmstráið, og hitt tillaga um það, að í tilefni 75 ára afmælis AA-samtakanna á heimsvísu, væri ráðist í þýðingu á einhverri af þeim bókum AA-samtakanna, sem hafa ekki verið þýddar á íslensku.

Verið er að skoða möguleika á því að gefa Hálmstráið út að nýju í samvinnu við þá aðila sem voru valdir til þess á síðustu þjónusturáðstefnu. Málið er á dagskrá næsta LÞN-fundar.

Spurning kom frá SAAS fulltrúa hvort að samþykktir þjónusturáðstefnu væru birtar á netinu, og hvort við færum eftir ameríska kerfinu í starfi skrifstofunnar.

Stefnt að því í framtíðinni að birta samþykktir á netinu. LÞN ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar í umboði þjónusturáðstefnu, í handbókinni okkar er verklýsing fyrir skrifstofuna.

Oddamaður Landsþjónustu fór yfir fjármálin. Landsþjónusta og útgáfa hvor með sér fjárhag, sem er algjör nauðsyn vegna þess að bóksalan er skattskyld og hafa nokkur lönd (AA-samtök) lent illa í því.

SAAS fulltrúi spyr hvort að það eigi ekki að greiða niður AA bókina. Svar: Það hefur ekki komið til tals hjá Landsþjónustu. AA-samtökin á Íslandi (LÞN) lítur svo á að það sé mikilvægara að umfram peningar séu notaðir til hjálpa AA-samtökum í öðrum löndum þar sem neyðin er meiri.

Það kom upp hugmynd hvort að Landsþjónusta og/eða SAAS ætti að styrkja samstarfsnefndir úti á landi. Það er eitt af hlutverkum skrifstofu LÞN að vera samstarfsnefndum til stuðnings. Hlutverk SAAS er eingöngu þjónusta á Reykjavæikurvæðinu. Fleira ekki gert.

Fundi slitið.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

**Sjöundi fundur Landsþjónustunefndar AA haldinn mánudaginn 31. janúar 2005
kl. 17:00 í fundarsal A að Tjarnargötu 20.**

Fundin sátu; Viðar, Gretar, Hjördís, Elísabet, Sverrir, Guðmundur Ingi, Guðmundur Hannes, Jóhannes, Einar og Margrét.

Dagskrá fundarins:

1. Eyvar fulltrúi Hálmstrásnefndar mætti. Samþykkt var á síðastu þjónusturáðstefnu að hefja aftur útgáfu Hálmstrásins. En það hefur verið fjárskortur og því hefur ekki enn verið ráðist í það verkefni. SAAS hafði samband við Eyvar, eiga peninga sem þeir geta sett í þessa útgáfu. Málið var rædd. Það kom m.a. fram að það þyrfti leyfi til þess að þýða uppúr Grapewine.

Niðurstaða: Eyvar mun mæta á næsta fund Landsþjónustunefndar með viðskiptaáætlun. Landsþjónustan mun sækja um leyfi fyrir þýðingar. Hálmstráðið mun, allavega til að byrja með, seljast í lausasölu. Það þarf alltaf að vera til efni fyrir árs útgáfu blaðsins.

2. Fundargerð síðasta fundar var ekki á staðnum, og hún því ekki lesin og samþykkt. En hún hafði áður verið send á meðlimi Landsþjónustunnar og athugasemdir verið lagfærðar.

3. LPN meðlimir gera grein fyrir sínum störfum:

Upplýsinganefnd; talað var um bréfið sem þarf að senda á alla svæðisfulltrúa, sem hefur nú þegar farið út.

4. Skipulag (strúktúr) AA samtakanna á Íslandi

Frestað, verður tekið upp á næsta fundi.

Það eru einhverjir Landsþjónustumeðlimir sem ekki eiga möppuna AA-deildin (Guðmundur, Hannes, Elísabet, Einar og Jóhannes), sem fá hana á næsta fundi.

5. Þjónusturáðstefna 2005

V lagði til að breytingar yrðu gerðar þannig að í ár yrði þjónusturáðstefnan í tvo daga í stað eins. Þetta rædd. Það var samþykkt hún verði með svipuðu sniði og í fyrra, í einn dag og haldin í Reykjavík. Guðmundur Ingi, í samstarfi við skrifstofu, fer í það verkefni að finna húsnæði. Húsnæði þarf að vera þannig að það sé einn 120-150 manna salur og fimm til sex minni salir, skóli myndi henta vel.

6. Niðurstöður sameiginlegs fundar LPN og samstarfsnefnda á Íslandi

Fundargerð þeirra fundar ekki tilbúin, verður send á meðlimi nefndarinnar. Þetta mál þá tekið aftur upp á næsta fundi.

7. Starfsmannamál

Auðbjörg og Margrét voru ráðnar í eitt ár, en þær hafa nú sagt starfi sínu lausu. Þær hætta störfum mánaðarmótin febrúar mars. Þetta mál var rædd.

Niðurstaða: Það eru tveir AA félagar sem hafa verið í afleysingum á skrifstofunni, þeir geta brúað bilið ef ekki verður búið að ráða manneskju í starfið fyrir næstu mánaðarmót. Þetta mál er í höndum skrifstofunefndar sem mun sjá um að auglýsastarfið. Best er að ráðin sé ein manneskja í starfið, þetta er fullt.

8. Önnur mál

Tekið var fyrir bréf frá SAAS. Í því bréfi kom SAAS með þá tillögu að meira af AA efni, t.d. AA Comes of Age, Dr. Bob and the Good Old Timers, verði þýdd á íslensku. SAAS kom því að að þeir væru tilbúnir í sjálfboðavinnu.

Niðurstaða: Gretar hefur samband við Kristján, þessu verður beint til útgáfunefndar.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Áttundi fundur Landsþjónustunefndar á starfsárinu 2004-2005 haldinn í febrúar.

Fundur settur. Dagskrá fundarins:

1. Eyvar kom með viðskiptaáætlun fyrir útgáfu Hálmstrásins og kynnti hana. LÞN meðlimir ræddu áætlunina. Mikilvægt að Hálmstráið verði kynnt vel og þá sérstaklega út á landi. V og H voru valin til ábyrgðar fyrir Hálmstráið fyrir hönd LÞN. Þau bera ábyrgð á efni blaðsins. Þau eru valin til rúmlega 1 árs. Það kom fram tillaga að Eyvar láti gera tilboð í umbrot, umsýslu og próflestur blaðsins, G.I mun fylgjast með f.h. LÞN..

2. Fundargerð síðasta fundar; lesin og rædd: Fundargerð samþykkt.

3. Framvinda mála milli funda; Skrifstofunefnd kom saman og bjó til auglýsingu um starfið á skrifstofunni. G. Ræddi um erindi frá Alanon sem kom í nóvember. Skrifstofan sendi fyrirspurnir um það til GSO (NY) og skrifstofunar í York. Beðið eftir svörum þaðan. G. og H. ætla að skrifa sínum tengiliðum á norðurlöndum og spyrja þá. A. og G.I ætla að hafa samband við Alanon félagi til að sjá hvað þeir hafa í huga. Farið var yfir fundargerð sameiginlegs fundar LÞN og Samstarfsnefnda á Íslandi. Fundargerð samþykkt. Skrifstofan sendir fundargerð á samstarfsnefndir á Íslandi.

4. LÞN meðlimir gera grein fyrir sínum störfum; Gert var grein fyrir störfum upplýsingarnefndar; Upplýsingnefnd ákvað að reyna 12. mars að boða til fundar með samstarfsnefndum og/eða reyndum tengiliðum um starf og hlutverk nefndarinnar. Búið er að senda út bréf þess efnis á allar deildir/samstarfsnefndir. En aðeins tvö svör hafa borist. Skrifstofunefnd hittist og fór yfir ráðningarmál. Vefnefnd hefur ekki komið saman.

5. Skipulag AA- samtakanna á Íslandi. Skipulag AA-samtakanna á Íslandi rætt. LÞN meðlimir kynna sér málið betur t.d. með því að skoða það efnis sem þeir fengu á fundinum. (service manual og bæklinga).

6. Kosið í kjörnefnd: Tillaga kom fram um að Einar ei-alki, ásamt G og S tækju sæti í kjörnefnd. Samþykkt .

7. Afmælisfundur 2005; Fundurinn verður 25 mars. Afmælisnefnd hefur ekki ennþá komið saman. Oddamaður ætlar að tala við framkvæmdarstjóra laugardagshallarinnar til þess að staðfesta fundarstaðinn.

8. Þjónusturáðstefna 2005; G.I. er búin að athuga þá staði sem til greina koma undir ráðstefnuna. G.I var falið að halda áfram að vinna að þessu máli fyrir LÞN. Ráðstefnan verður 28. maí

9. Önnur mál; Val á LÞN meðlimi á evrópuþing AA í október, frestað.

Fundi slitið. Næsti fundur ákveðinn 29. mars kl 17



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

9. fundur landsþjónustunefndar á starfsárinu 2004-2005 haldinn í mars.

Mættir: Guðmundur H. , Sverrir, Hjördís, Jóhannes, Sigurður, Elísabet, Guðmundur Ingi, Grétar. Einar boðaði forföll.

Fundur settur. Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og rædd. Ákveðið að fresta samþ. til næsta fundar.

2. Rætt um sölu á bandarískum bókum sem eru til sölu á skrifstofu; þ.e.a.s. verð þeirra og fleira. Einnig talað um að tala við útgáfunefnd og nýjan starfsmann um þetta mál.

3. Upplýsinganefnd; fulltrúi sagði að nefndin hefði fundað með samstarfsnefndum.

Hyggst nefndin gefa út möppu, eða bækling sem verður staðfærð fyrir Ísland og dreift frítt. Ákveðið að kynna fyrir L.Þ.N. á næsta fundi.

G I og A fóru á fund með Alanon sem hefur áhuga á samstarfi við AA samtökin. H hefur einnig verið í sambandi við Alanon á Norðurlöndum, og þeir munu vera með upplýsingabás á flestum ráðstefnum AA samtakanna.

GI segir að það sé komið efni í eitt Hálmstráblað , en að það náist ekki í nefndina sem ætlaði að sjá um útgáfuna á blaðinu. L.Þ.N. áréttar að til sé efni fyrir útgáfu í eitt ár.

4. Starfsmannamál: Skrifstofunefnd hefur verið að vinna að því að ráða starfsmann. 17 umsækjendur sóttu um. Nefndin hittist og fór yfir umsóknir og tóku 5 manns í viðtal 23 mars sl. Sami spumingalisti var lagður fyrir þessa 5 menn og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að leggja til við Landsþjónustunefnd að Margrét Hugrún Gústafsdóttir verði ráðin skrifstofumaður. Er um fullt starf að ræða, plús aukavinnu kringum afmælisfund og þjónusturáðstefnu. Það var samþykkt af öllum fulltrúum nema einum sem sat hjá.

5. Afmælisfundurinn var til umræðu og talað um að skrifa niður það sem betur mætti fara næst. Talað var um að fundurinn hafi verið góður, en aðeins of langur, og var tekið undir það. Það var dræmt gefið í pottana, og þó fóru pottarnir kannski of seint af stað. Viss truflun var af fólki og sérstaklega börnum á meðan á fundinum stóð og talað var um að undirbúa barnagæslu á næsta fundi.

6. Þjónusturáðstefna LÞN. Það er verið að athuga með hljóðkerfi fyrir ráðstefnuna, en hún verður haldin 28. maí í Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Matur kemur þangað frá Gaflinum.

7. Önnur mál: Kjörnefnd tekur fljótlega til starfa.

Fundi slitið. Næsti fundur verður haldinn 25 apríl.



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fundargerð, 10. fundur LPN starfsárið 2004-2005. Dags. 25. apríl 2005.

Fundinn sátu: Grétar, Hjördís, Guðmundur Ingi, Guðmundur H, Viðar, Elísabet, Arnar, Einar S, Jóhannes B. og Halldóra starfsmaður.

Forföll boðaði: Sverrir.

Fjarverandi: Finnur og Sigurður.

1. Fundur settur og farið yfir fundargerð síðasta fundar.

2. Framvinda mála á milli funda:

Nýr starfsmaður á skrifstofu getur ekki byrjað að vinna fyrr en 1. júní n.k..

Rætt um að fá sjálfboðaliða til að hjálpa skrifstofunni við undirbúning þjónusturáðstefnunnar.

Einnig rætt um að vanda val við tilnefningu aðila til að vera ritari á þjónusturáðstefnunni.

3. Nefndarmenn gerðu grein fyrir störfum frá síðasta fundi:

Kjörnefnd og upplýsinganefnd hafa verið við störf og gengið vel.

Talað um að til sé mappa frá upplýsinganefnd sem þarf að fjölfalda og gefa fulltrúum LPN, til yfirlstrar áður en henni er dreift víðar.

H. hefur verið í sambandi við finnskan félag sem vill gjarnan fá upplýsingar um íslenska "skipulagið (strúktúrinn)" og samvinnu AA á Íslandi við aðrar norðurlandabjóðir.

4. Samstarf AA og Alanon.

Talað um hvort AA geti tekið þátt í uppbyggingu Alateen? Engin ákvörðun tekin.

5. Val á fulltrúa á Evrópuráðstefnuna 30. september n.k. Stungið upp á V. og var hann samþykktur sem fulltrúi.

6. Önnur mál:

a) Beiðni (krafa) AA félaga um óuppgerð laun aftur í tímann. LPN synjaði málaleitan félagsans.

b) Bréf hefur borist frá Hverfisráði 1, er varðar uppbyggingu AA samtakanna á Íslandi og kynningu á þjónusturáðstefnu á hlutverki þess. Umræða um, hvað er Hverfisráð? Bent á að Hverfisráð sé ekki til í skipulagi AA samtakanna á Íslandi. Fjörugar umræður urðu um málið. Það kom fram tillaga að kynningin fari fram á þjónusturáðstefnu samkv. bréfinu.

Tillagan felld.

Önnur tillaga kom fram að LÞN leggi til á þjónusturáðstefnunni að stofnuð verði milliþinganefnd til að fara almennt yfir heildarskipulag AA-samtakanna á Íslandi og endurskoða handbók samtakanna (AA-deildin).

Tillagan samþykkt.

c) Annað bréf hefur borist frá áðurnefndu Hverfisráði varðandi bókaverð, ákveðið að vísa því til útgáfunefndar.

d) Landsþjónustunefnd skipar fulltrúa í útgáfunefnd, en hún starfar í nánú samstarfi við LÞN. Fram kom að 2 af 5 fulltrúum í útgáfunni óska eftir því að hætta nefndinni

G I kom með þá tillögu að MÞ og GG komi inn í útgáfunefnd í stað þeirra sem hætta.

Tillagan samþykkt.

e) Ákveðið að vinna í skýrslunni (fundargerðinni) frá síðustu þjónusturáðstefnu og senda hana út.

Næsti fundur ákveðinn 23. maí n.k., kl. 17:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið.